

Bæjarstjórn - 1934

FUNDARBOÐ

**1934. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 19.
júni 2024 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

- 1. 2205668 - Kosning forseta bæjarstjórnar, varaforseta og skrifara 2022 - 2026**

Kosning

- 2. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar**

Kosið í ráð og nefndir til eins árs.

Kosið til 1 árs:

Bæjarráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Fjölskylduráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Fræðsluráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Umhverfis- og framkvæmdaráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Skipulags- og byggingarráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Íþróttá- og tómstundanevnd 3 aðalmenn, 3 varamenn

Menningar- og ferðamálanefnd 3 aðalmenn, 3 varamenn

Stjórn Hafnarborgar 2 aðalmenn auk bæjarstjóra

Forsetanevnd Forsetar sjálfkjörnir

Kosið til 2 ára:

Stjórn SORPU bs.: Aðalmaður og varamaður

Stjórn Strætó bs.: Aðalmaður og varamaður

- 3. 1806328 - Verklagsreglur um skólavist hafnafirskra grunnskólabarna**

1.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 3.júní sl.

Lögð fram að nýju drög að breytingum á verklagsreglum um skólavist.

Ennfremur lagt fram minnisblað.

Regludrögin eru samþykkt án breytinga.

Vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

- 4. 2007447 - Verslunarmiðstöðin Fjörður, ósk um samstarf, erindi**

1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 13.júní sl.
Lögð fram drög að kauptilboði.

Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir framlagt kauptilboð.
Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

5. 2405600 - Gjáhella, umsókn um lóð

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 13.júní sl.
Lögð fram umsókn um lóð fyrir dæluskúr Vatnsveitu. Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs liggur fyrir.

Bæjarráð tekur undir umsögn skipulags- og byggingarsvið og samþykkir umsókn um lóð fyrir dæluskúr vatnsveitu.
Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

6. 2405745 - Hvaleyrarbraut 26-30, samningur vegna uppbyggingar

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 13.júní sl.
Lögð fram drög að samningum um blandaða byggð við Hvaleyrarbraut 26-30.
Haraldur Sverrisson ráðgjafi mætir til fundarins.
Bæjarráð samþykkir framlögð drög að samningi um blandaða byggð við Hvaleyrarbraut 26-30.
Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

7. 2405795 - Fornubúðir 1, samkomulag

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 13.júní sl.
Lögð fram drög að samkomulagi.

Haraldur Sverrisson ráðgjafi mætir og gerir grein fyrir vinnu sinni.
Bæjarráð samþykkir drög að samkomulagi um fasteignakaup á Fornubúðum 1.
Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

8. 2312146 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting vegna borteiga

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júní sl.
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 17. janúar 2024 að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga samhliða gerð nýrra deiliskipulagsáætlana og breytingum áætlana sem þurfa að koma til vegna þessa verkefnis.

Skipulags- og matslýsing var auglýst með athugasemdafresti til 29. febrúar sl.

Á fundi skipulags- og byggingaráðs þann 21. mars 2024 var samþykkt að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga, yrði auglýst. Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 10. apríl var erindið samþykkt.

Tillagan var í kynningu tímabilið 11.-11.5.2024 auk þess var hægt að kynna sér tillöguna á opnu húsi þann 7. maí sl. Athugasemdir við tillögu á vinnslustigi lagðar fram.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga samhliða gerð nýrra deiliskipulagsáætlana og breytinga verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Gert er ráð fyrir 8 vikna auglýsingatíma í stað 6 vikna.

9. 2312145 - Nýtt deiliskipulag sunnan Hellnahrauns

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júní sl.
Lögð fram tillaga að deiliskipulagi borteiga í sunnanverðu Kapelluhrauni.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að framlögð tillaga að deiliskipulagi sunnan Hellnahrauns samhliða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga og breytinga á deiliskipulagi verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Gert er ráð fyrir 8 vikna auglýsingatíma í stað 6 vikna.

10. 2312113 - Hellnahraun 2. áfangi, breyting á deiliskipulagi

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júní sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Hellnahrauns vegna Breiðhelli 16A.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að framlögð tillaga að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Hellnahrauns 2 samhliða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga og nýs deiliskipulags og breytinga á þeim verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Gert er ráð fyrir 8 vikna auglýsingatíma í stað 6 vikna.

11. 2312139 - Hellnahraun 3. áfangi, breyting á deiliskipulagi

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júní sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga Hellnahrauns vegna Borgarhelli 25 og Tunguhelli 15-17.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að framlögð tillaga að breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga Hellnahrauns vegna lóðanna Borgarhelli 25 og Tunguhelli 15-17 samhliða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga og nýs deiliskipulags og breytinga á þeim verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Gert er ráð fyrir 8 vikna auglýsingatíma í stað 6 vikna.

12. 2206136 - Straumsvík breyting á aðalskipulagi 2013-2025

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júní sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Straumsvíkurfjarðar vegna stækkunar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að kynna tillögu á vinnslustigi samhliða kynningu umhverfismatsskýrslu. Tillögunni er einnig vísað til kynningar í bæjarstjórn og hafnarstjórn.

13. 2111539 - Straumsvík, deiliskipulag

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júní sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi álversins í Straumsvík, samþykkt dags. 27. maí 2003 m.s.br., í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Forsenda breytingar er að til stendur að stækka hafnaraðstöðu við Straumsvíkurhöfn og skapa aðstæður fyrir iðnaðarstarfsemi og umhverfisvænan nýsköpunariðnað á hafnarsvæðinu. Samhliða deiliskipulagi er gerð breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 þar sem lóð er stækkuð Auk þess er gerð breyting á deiliskipulagi Rauðamelsnámu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að kynna tillögu á vinnslustigi samhliða kynningu umhverfismatsskýrslu. Tillögunni er einnig vísað til kynningar í bæjarstjórn og hafnarstjórn.

14. 2302617 - Rauðamelsnáma, deiliskipulag

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júní sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Rauðamelsnámu. Breytingin felur í sér stækkun efnistökusvæðis úr 15,6 ha í 22,6 ha og aukna heimild til efnistöku, úr 180.000 m³ í 1.340.000 m³. Breytingin er unnin í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að kynna tillögu á vinnslustigi samhliða kynningu umhverfismatsskýrslu. Tillögunni er einnig vísað til kynningar í bæjarstjórn og hafnarstjórn.

15. 2406491 - Hverfisráð

Viðreisn leggur til að stofnuð verði Hverfisráð fyrir hvert hverfi bæjarins. Hafnarfjörður er ört stækkandi sveitafélag, með um 30.500 íbúum. Eftir því sem bærinn stækkar og bæjarbúum fjölgar þá er hætt á að tengsl milli íbúa og stjórnkerfis sveitafélagsins rofni. Íbúar upplifi sig ekki hluti af ákvarðanatöku og lítið samráð sé við íbúa sveitarfélagsins. Með þessari tillögu teljum við að hér sé verið að stíga stórt og mikilvægt skref í átt að bættu samráði og íbúalýðræði bæjarins.

Fundargerðir

16. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júní sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 13.júní sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 29.maí sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 5.júní sl.

c. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 7.maí og 4.júní sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 3.júní sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 10.júní sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 12.júní sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 7.maí sl.

b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17.maí sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 14.júní sl.

17. 2208236 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2022-2026

1. liður úr fundargerð forsetanefndar frá 5.júní sl.

Forsetanefnd gerir ráð fyrir að sumarleyfi bæjarstjórnar 2024 standi frá mánudeginum 24. júní til og með sunnudeginum 4. ágúst og bæjarráð annist fullnaðarafgreiðslu allra mála meðan á sumarleyfinu stendur. Fyrsti fundur bæjarstjórnar að loknu sumarleyfi fari fram miðvikudaginn 14. ágúst, reglubundin ráðsvika að loknu sumarleyfi hefjist 19. ágúst en ráð og nefndir geti eftir þörfum fundað fyrr.

14.06.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri